

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 128/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 56y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1177/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„56z. **32017 R 0352**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir (Stjtið. ESB L 57, 3.3.2017, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi er bætt við 4. mgr. 1. gr.:

„Hvað EFTA-ríkin varðar skal þessi reglugerð gilda um eftirfarandi hafnir við sjó innan samevrópska flutninganetsins, sbr. framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/758 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 að því er varðar aðlögun III. viðauka við hana ⁽²⁾:

ÍSLAND

Faxaflóahafnir/Sundahöfn

Höfnin á Seyðisfirði

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 57, 3.3.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 3; felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2016, Stjtið. ESB L 80, 22.3.2018, bls. 42.

Hafnir Fjarðabyggðar/Mjóeyrarhöfn Reyðarfirði

Höfnin í Vestmannaeyjum

Landeyjahöfn

NOREGUR

Bergen

Grenland

Hammerfest

Karmsund

Kirkenes

Kristiansand

Kristiansund

Larvik

Mo i Rana

Molde

Moss

Narvik

Oslo

Stavanger

Trondheim

Tønsberg.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/352, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING